

Fimmti fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2022 – 2023

Miðvikudaginn 16. nóvember 2022 kl. 09:00 (Teams)

Mættar: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Hulda Björg Óladóttir.

Boðuð forföll:

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri Fíh og Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs.

Fundarritari: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð 1 og 4. fundar stjórnar Fíh

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

2. Drög að fjárhagsáætlun Fíh fyrir 2023.

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn drög að fjárhagsáætlun á sjóðum Fíh fyrir árið 2023.

Afgreiðsla: Umræður. Hafdís mun áfram vinna að fjárhagsáætluninni, sem verður kynnt á næsta stjórnarfund. Stjórn mun koma með frekari ábendingar fyrir þann fund.

3. Starfsáætlun stjórnar

Farið yfir starfsáætlun stjórnar.

Afgreiðsla: Umræður. Haldið áfram að vinna að nánari útfærslu á starfsáætlun stjórnar og verður haldið áfram með hana á milli stjórnarfunda og á næsta stjórnarfund.

4. Niðurstöður Hjúkrunarþings

Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs kynnti fyrstu niðurstöður í úrvinnslunni fyrir aðgerðaráætlun heilbrigðisstefnu félagsins.

Afgreiðsla: Umræður. Vinnu haldið áfram og niðurstöður kynntar frekar á næsta stjórnarfund.

5. Trúnaðarmál

Afgreiðsla: Umræður.

6. Viðbótarstyrkir

Borist hafa fjórar umsóknir um viðbótarstyrki frá fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga, heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, taugahjúkrunarfræðinga og öldungadeild Fíh.

Afgreiðsla: Umræður. Samþykkt að veita 200.000 kr. til hvernar deildar sbr. úthlutunarreglur um viðbótarstyrki. Stjórn mun jafnframt endurskoða reglur um viðbótastyrki.

7. ICNP setrið

Hulda Björg Óladóttir er áheyrnarfulltrúi stjórnar Fíh í stjórn ICPN-setursins. Hún upplýsti stjórn um þá umræðu sem fór fram á síðasta fundi þeirra og verkefni sem þar eru framundan. Einnig var rætt frekar um fjárstyrk samkvæmt beiðni þeirra og var rætt um hana á stjórnarfundi í september 2022.

Afgreiðsla: Umræður. Samþykktur var fjárstyrkur að fjárhæð 300 þúsund á ári næstu þrjú starfsárin.

Önnur mál:

8. Dagbók og Tímarit hjúkrunarfræðinga

Dagbók Fíh árið 2023 var dreift til félagsmanna fyrir nokkru og ánægja meðal félagsmanna að fá hana svona tímanlega. Einnig almenn ánægja með nýjasta Tímarit hjúkrunarfræðinga sem nýbúið er að dreifa.

Afgreiðsla: Umræður.

9. Umsókn um styrk – mat eða rýni á námi í hjúkrunarfræði fyrir fólk með aðra háskólagráðu

Styrkbeiðni barst stjórn Fíh frá Hjúkrunarfræði- og ljósmóðurdeild HÍ vegna mats eða rýni á námi fyrir fólk með aðra háskólagráðu, upp á 350.000 kr. til að framkvæma þessa rannsókn.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn samþykkti umbeðinn styrk en lýsir áhyggjum sínum að hvorki Háskóli Íslands né menntayfirvöld skuli sjá hag sinn í að veita nægt fjármagn til að sinna m.a. nauðsynlegri rýni og þróun á þessari mikilvægu námsleið.

10. Umsókn um styrk -Stormur, þættir um COVID á Íslandi

Styrkbeiðni barst stjórn Fíh frá Jóhannesi Kr. Kristjánssyni rannsóknarblaðamanni og Sævari Guðmundssyni leikstjóra, vegna gerðar átta þátta heimildarmyndaraðar um áhrif Covid-19 á Íslandi. Þættirnir verða sem verða sýndir á RÚV í febrúar 2023 og veita m.a. nauðsynlega innsýn inn í störf hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldrinum.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkti 2 milljóna króna fjárstyrk.

Stjórnarfundi slitið kl 13.00.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 7. desember 2022.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh